




**Fasteignir og fyrirtæki**  
**óskast á söluskrá**

Höfum kaupendur að ýmsum gerðum  
fasteigna- og fyrirtækja

**Eignaver**  
sími 553 2222  
Síðumúla 13  
www.eignaver.is

**FASTEIGNASALAN**  
EIGNAVER

**Einbýlishúsið við Túngötu 3,  
Eyrarbakka til sölu**



**Fallegt einbýlishús til sölu ásamt tvöföldum bílskúr á Eyrarbakka**  
Um er að ræða fasteign sem er 201 fm. Einbýlishús 145 fm og bílskúr 56,3 fm. Komíð er inn í bjart og rúmlegt flísalagt anddyri og inn af því er góð geymsla. Því næst er komíð inn í sjónvarpshol. Gegnheilt fallegt parket á gólfi. Svefnherbergisgangi er hægt að loka af, þar inni eru 3 barnaherbergi parketlögð og hjónaherbergi með spónaparketi. Badherbergi er einnig á gangi, nýlega tekið í gegn, flísalagt í hólfi og gólf, hiti er í gólf. Stofan er stór og björt, hátt til lofts (upptekið). Út frá stofu er gengið út í garð þar er pallur og mjög gróinn og fallegur garður. Eldhúsið er með glænýrri innréttingu, hvít fulningainnrétting og gaseldavél, glæsileg í alla staði. Inn af eldhúsi er þvottahús og búr og yfir búrinu er geymsluloft. Bílskúrin er tvöfaldur og mjög rúmgóður og góð aðkoma að honum. Húsið er staðsett í botnlanga í mjög rólegu og grónu hverfi. Stutt er í þá þjónustu sem er á staðnum svo sem verslun, leik- og barnaskóla. Hagstætt lán áhvílandi.

**Nánari upplýsingar veitir**  
**Fasteignasalan Eignaver**  
Sími 553-2222 • eignaver.is  
Síðumúli 13 • 108 Reykjavík

Eggert Sk. Jóhannesson, Jóhannes Eggertsson, Ólafur Thoroddsen hdl.

**SÉRBLAÐ 24 STUNDA**  
**HEILSA**

UPPLÝSINGAR  
KOLBRÚN 5.510 3722  
KOLLA@24STUNDIR.IS  
KATRÍN 5.510 3727  
KATA@24STUNDIR.IS



## Davíð til bjargar?

Ég heyrði fyndna frásögn um daginn.

Kona sem ég þekki var stödd í selskap með fjölda fólks og þar af margir karlmenn á miðjum aldri og rúmlega það. Altso menn sem vilja telja sig vita lengra nefi sínu í málefnum samfélagsins.

Og talið barst náttúrulega að þeim vandamálum sem nú virðast hrannast upp með gengisfalli, hrúni á hlutabréfamarkaði, vaxta-okri o.s.frv. o.s.frv.

Karlarnir voru búnir að finna lausn á öllum okkar vandamálum. Jú, víst steðjaði vá að durum – en ráðið til bjargar var einfalt; um það voru þeir allir sammála.

Fá Davíð aftur.

Bara ef við bærum nú gæfu til þess að kalla Davíð Oddsson aftur til æðstu valda í samfélaginu, þá mundi allt falla í ljúfa löð.

Þetta fannst mér fyndið. Já, eiginlega sprenghlægilegt.

Eða réttara sagt:

Nú mundi ég hlæja ef ég væri ekki dauður.

### Auðvitað mun landið rísa á ný

Vitaskuld er ég ekki dauður í alvörunni. Ég er við alveg þrýðilega heilsu, þakka ykkur fyrir. Það sem ég á við: Auðvitað er ég aftur á móti nokkuð sleginn yfir þeirri snöggu niðursveiflu sem peningakerfið hefur mátt þola undanfarið, og ekki sist núna allra síðustu daga. Sú niðursveifla er í rauninni ekki neitt aðhlátursegfi. Því við munum þurfa að súpa seyðið af henni býsna lengi, áður en aftur fer land að rísa.

Auðvitað mun það rísa á nýjan leik; það vitum við ósköp vel. En þangað til verður ekkert voðalega gaman.

Og ástæðan fyrir því hvað mér finnst það fyndin hugmynd að kalla til Davíð Oddsson að redda okkur út úr þeim efnahagsörðug-

Illugi Jökulsson skrifar um kreppuna

**Nú hefði til dæmis verið gott að vera í Evrópusambandinu. Þá er nokkuð ljóst að höggið sem hefði ekki orðið nándar nærri svo þungt sem raun ber núna vitni.**



leikum sem nú ganga yfir, hún er vitaskuld sú að það var einmitt á vaktinni hans – fyrst í forsætisráðuneytinu og svo í Seðlabankanum – sem fór að fjara undan okkur.

**Engum um að kenna nema okkur**

Vitaskuld er ekki allur okkar vandi heimatilbúinn. Það er fjármálakreppa um öll Vesturlönd og jafnvel víðar. Það má líka kenna bisnessmönnum okkar sjálfum um hluta vandans; það er nú meira að segja runnið upp fyrir þeim sjálfum að þeir hafa ekki gengið nóg samlega hægt um gleðinnar dyr.

En samt ... samt er það staðreynd að flestum virðist bera saman um að Ísland sé að fara sérlega illa út úr því óveðri sem nú geisar á peningamarkaðnum. Og það af ástæðum sem engum er um að kenna nema okkur sjálfum.

Eða réttara sagt: okkar stjórnvöldum.

Nú hefði til dæmis verið gott að vera í Evrópusambandinu. Þá er nokkuð ljóst að höggið sem við höfum orðið fyrir hefði ekki orðið nándar nándar nærri svo þungt sem raun ber núna vitni.

En það hefur ekki mátt nefna Evrópusambandið.

Af því að Davíð vildi það ekki.

### Ef stýrivextir hefðu lækkað

Og það hefði líka verið gott ef stýrivextir hefðu verið farnir að lækka fyrir löngu síðan. Mér sýnist æ fleiri hagfræðingar nú hallast að því að sú peningastefna sem Seðlabankinn hefur haldið uppi um langt skeið, með sínum himinháa vöxtum, sé bæði úrelt og alröng.

En það hefur ekki mátt hreyfa við stýrivöxtunum.

Af því að Davíð vildi það ekki.

Ef ég væri í hópi dyggustu stuðningsmanna Davíðs mundi mér þykja hryggilegt um að litast í veröldinni. Ekki nóg með að allir séu svona lifandis skelfing ánægðir með að hann skuli horfinn á brott úr stjórnarráðinu með reglustikuna sína og smjörklípuna. Þá stjórnarhætti sem allir voru orðnir örþreyttir á. Heldur virðist nú jafnvel hætta á að arfleifð hans reynist götöttari en nokkurn óraði fyrir.

Ef það verður samdóma álit að peningastefna hans bæði á ofanverðum dögum hans í forsætisráðuneytinu og í Seðlabankanum hafi ekki bara verið vitlaus, heldur hættuleg. Dýpkað mjög kreppuna sem við þurfum nú að þola. Og afneitun hans á að ræða Evrópusambandið í alvöru hafi kippt okkur aftur á bak um mörg herrans ár í efnahagslegu tilliti.

Þetta er auðvitað beinlínis sárgrætilegt.

En þess vegna þeim mun fyndnara ef blessaðir karlarnir sjá þessa einu leið út úr erfiðleikumunum – að fá Davíð aftur!

